

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga
hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

4. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 13:00 þann 24. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 14. apríl 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Kjarafélag viðskiptafræðinga og
hagfræðinga með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Bókun og verkáætlun
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
hins vegar
dags. 14. apríl 2023

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að í samningnum hafi verið stigið skref í átt að leiðréttingu launataflna aðildarfélaganna BHM. Í næstu kjarasamningnum skal stefnt að því að færa þær til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka verði 5% hlaðsett og bil milli þrepa 2,5% hliðsett.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að frá og með 1. júlí 2023 greiði launagreiðendur sérstakt iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum til KVH. Fjármunum þeim skal verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna KVH. Á sama tíma fellur niður sama iðgjald til BHM af launum félagsmanna.

Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafli / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
<i>Endurskoðun á viðauka I í kjarasamningi um Staðlað form stofnansamnings.</i>	1. október 2023.	15. nóvember 2023.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
00		542.875							
01	428.582	439.297	450.011	460.726	471.440	482.155	492.869	503.584	514.298
02	444.468	455.580	466.691	477.803	488.915	500.027	511.138	522.250	533.361
03	461.147	472.676	484.204	495.733	507.261	518.791	530.319	541.848	553.376
04	478.661	490.628	502.594	514.561	526.527	538.494	550.460	562.427	574.393
05	497.050	509.477	521.902	534.329	546.755	559.182	571.607	584.034	596.459
06	516.359	529.269	542.177	555.086	567.995	580.904	593.812	606.722	619.630
07	536.633	550.049	563.465	576.881	590.296	603.712	617.128	630.544	643.959
08	559.421	573.406	587.392	601.377	615.363	629.348	643.334	657.319	671.305
09	584.643	599.259	613.875	628.491	643.107	657.723	672.339	686.955	701.572
10	609.806	625.052	640.296	655.542	670.787	686.032	701.277	716.522	731.768
11	636.230	652.136	668.041	683.947	699.853	715.758	731.664	747.570	763.475
12	663.973	680.573	697.171	713.771	730.370	746.970	763.568	780.168	796.767
13	696.619	714.035	731.450	748.865	766.281	783.696	801.112	818.527	835.942
14	731.284	749.567	767.848	786.131	804.412	822.695	840.976	859.259	877.541
15	767.849	787.046	806.241	825.438	844.633	863.830	883.025	902.222	921.418
16	806.241	826.398	846.553	866.710	886.865	907.022	927.177	947.334	967.488
17	846.553	867.718	888.881	910.045	931.208	952.373	973.535	994.700	1.015.863
18	888.881	911.104	933.325	955.548	977.768	999.991	1.022.212	1.044.435	1.066.656
19	933.325	956.659	979.991	1.003.325	1.026.657	1.049.991	1.073.323	1.096.657	1.119.989
20	977.172	1.001.602	1.026.030	1.050.461	1.074.889	1.099.319	1.123.747	1.148.177	1.172.605
21	1.022.337	1.047.897	1.073.454	1.099.013	1.124.570	1.150.130	1.175.687	1.201.246	1.226.803
22	1.069.760	1.096.505	1.123.248	1.149.993	1.176.735	1.203.481	1.230.223	1.256.968	1.283.711
23	1.119.554	1.147.544	1.175.531	1.203.522	1.231.509	1.259.499	1.287.486	1.315.476	1.343.464
24	1.171.838	1.201.135	1.230.430	1.259.727	1.289.021	1.318.318	1.347.613	1.376.910	1.406.204
25	1.226.736	1.257.406	1.288.072	1.318.742	1.349.409	1.380.079	1.410.745	1.441.415	1.472.082
26	1.284.379	1.316.490	1.348.598	1.380.709	1.412.816	1.444.927	1.477.035	1.509.146	1.541.253
27	1.344.905	1.378.529	1.412.150	1.445.774	1.479.395	1.513.019	1.546.640	1.580.264	1.613.885